

13. fundur stýrihóps um menntastefnu Hafnarfjarðar haldinn þriðjudaginn 8. febrúar, 2022 á Teams

Mætt eru: Kristín Thoroddsen, Sigrún Sverrisdóttir, Sigurður Þ. Ragnarsson, Karólína Helga Símonardóttir, Margrét Vala Marteinsdóttir, Arnbjörn Ólafsson, Vigfús Hallgrímsson, Júlíana Vilhjálmisdóttir, Krístrún Sigurjónsdóttir, Stella B. Kristinsdóttir og Hrund Apríl Guðmundsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Gestur fundar: Arnar Pálsson frá Arcur

Mál: Könnun til foreldra

Könnun verður send út til foreldra á næstu dögum með sömu spurningum og hafa verið sendar út til kennara og nemenda. Þýðingamöguleikar eru á Google translate.

Mál: Menntaleiðtogafundur

Verður haldinn þriðjudaginn 15. febrúar í Víðistaðaskóla ásamt fulltrúum stýrihóps, send verður nánari dagskrá þar sem farið verður í nánari vinnu við leiðarljós.

Næsti fundur með menntaleiðtogum er áætlaður 8. mars kl. 14.00. Hrund Apríl kannar skóladagatöl, staðsetningu og fundarstað og sendir fundarboð.

Mál: Spurningar til nemenda

Fjórar spurningar fóru til nemenda og var unnið úr svörum, þau flokkuð niður og greind og tekið úr þeim gögnum það sem endurspegladist við þá vinnu sem unnið hefur verið við gerð menntastefnu með menntaleiðtogum. Þessi vinna skilaði sér í drögum að leiðarljósum.

Mál: Leiðarljós

Kynning á drögum að leiðarljósum og tillögum sem hafa verið settar fram. Kristín kynnir lykilhugtök og forsendur fyrir því að þau urðu fyrir valinu (sjá hér fyrir ofan). Rætt var um tillögu um heiti menntastefnu sem komið hafa fram sem eru „Fljúgum hærra“ og Á fundinum var farið yfir tillögur og valið um það með kosningu á fundinum. Þau orð sem urðu fyrir valinu voru:

Fjölbreytileiki

Kraftur

Gleði

Sköpun

Samvinna

Bergrún listakona mun halda utan um myndskreytingu á menntastefnu í samvinnu við leikskóla. Rætt um titil menntastefnu og myndskreyting því tengdu, í því samhengi er listaverk Setbergsskóla sem er tré og því sem það endurspeglar. Kallað er eftir tillögum að myndskreytingu á forsiðu eða sem er í forgrunni menntastefnunnar og hvaða álit er á því að umrætt tré væri í forgrunni. Rætt um hvernig mynd af tré og fyrirsögninni „fljúgum hærra“ rími saman, möguleika og fjölbreytni sem felst í þeirri þversögn.



HAFNARFJÖRÐUR

Mál:Foreldraráð

Arnar kynnir vinnu sem fram fór með foreldraráði í tengslum við heildarstefnumótun Hafnarfjarðar. Í SVÓT greiningu sem unnin var með foreldrum voru settar fram hugleiðingar um menntun barna og skólastarf í Hafnarfirði. Mjög áhugvert og gagnlegt það sem þar kom fram sem verður litið til í áframhaldandi vinnu við gerð menntastefnu.